

að minnsta kosti að nokkru leyti, frá tímanum eftir 13. okt. 1886, þá eru kröfur þær sumpart ósannaðar og sumpart of seint framkomnar til þess að þær gegn mótmælum áfrýjanda verði teknar til greina.

Það ber því að dæma stefnda til að greiða sækjandanum alla hina umstefndu skuld, 320 kr. 71 e., ásamt 5% vöxtum frá stefnudagsetningardegi til borgunardags.

Stefndi virðist eftir þessum úrslitum málsins eiga að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir undir- og yfir-dómi, er ákveðst 30 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Stefndi, Magnús Þórarinsson, á að greiða áfrýjanda, B. H. Bjarnasyni, 320 kr. 71 e. með 5% vöxtum frá 11. júní 1888 til borgunardags, og málskostnað með 30 kr. Hið ídæmda lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 14/1889

B. H. Bjarnason  
gegn  
Magnúsi Stefánssyni.

D ó m u r :

Áfrýjandinn, kaupmaður B. H. Bjarnason, hefur höfðað mál þetta gegn hinum stefnda, Magnúsi bónda Stefánssyni, út af verzlunarskuld, að upphæð 94 kr. 34 a., og var það dæmt í gestarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu hinn 27. okt. f. á., með þeim úrslitum, að hinn stefndi skyldi greiða áfrýjanda af hinni umstefndu

upphæð 9 kr. 34 a. með vöxtum 5 af hundraði frá stefnudagsetningardegi, en málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefur B. H. Bjarnason skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 18. febr. þ. á., og krafizt þess, að hinn stefndi verði skyldaður til að greiða áfrýjandanum alla skuldina, sem hann kallar eptir, 94 kr. 34 a., með 5% vöxtum frá 11. júní þ. á. til borgunardags, og nægilegan málskostnað fyrir báðum dómum eptir mati rjettarins. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og að honum verði tildæmdur allur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Þegar mál þetta kom fyrir gestarjettinn, lagði áfrýjandinn fram ósundurliðaðan reikning til hins stefnda yfir skuld hans, eins og hann taldi hana 30. júní 1887, og yfir það sem stefndi borgaði í ágúst s. á. upp í skuldina, en þá kemur fram upphæð sú, sem hann nú gjörir kröfu til. Ítarlegri reikning hefur áfrýjandi eigi fram lagt í málinu, en í sama rjettarhaldi lagði hinn stefndi fram «bakreikning», sem hann svo kallaði, yfir reikningsverð frá B. H. Bjarnasyni, sem á að sýna, að áfrýjandinn hafi reiknað hinum stefnda verð á útlendum vörum of hátt um 85 kr., og þykist hann hafa sent áfrýjanda bakreikning þennan þegar árið 1885. Á annan hátt mótmælti stefndi þá eigi kröfu áfrýjanda. — Það verður að álíta, að hinn stefndi hafi með svo lagðri málsfærslu, og sjerstaklega með því að leggja fram „bakreikninginn“, kannazt við það, að hann hafi haft verzlunarviðskipti við áfrýjanda, að áfrýjandi hafi þegar árið 1885 sent honum sundurliðaðan reikning yfir viðskipti þeirra, að reikningur sá hafi verið rjettur að öllu öðru leyti en því, er vöruverð á nokkrum tilgreindum útlendum

vörum snerti, og að skuldarupphæðin í hinum framlagða reikningi sje í samhljóðan við þenna sundurliðaða viðskiptareikning. Það verður því að vera þýðingarlaust fyrir úrslit málsins, að umboðsmaður stefnda síðar undir rekstri þess neitar sönnunargildi hins framlagða reiknings, sjerstaklega af þeirri ástæðu, að löggilt verzlunarviðskiptabók hafi eigi komið fram í málinu, og að hann neitar því, að stefndi skuldi áfrýjanda nokkuð, án þess þó að geta þess, hvort neitun þessi byggist á því, að stefndi hafi aldrei tekið vörur til láns hjá áfrýjanda eða að hann síðar hafi borgað honum að fullu. — En þá verður að athuga, hverja þýðingu «bakreikningur» stefnda getur haft í skuldamáli þessu. Með því að hinn stefndi eigi hefur sannað það með löggiltri «kontra»-bók eða á annan hátt, að áfrýjandi hafi heitið honum því verðlagi á útlendum varningi, sem stefndi gjörir kröfu til, og með því að áfrýjanda hlaut að vera heimilt að ákveða verð vöru þeirrar, er hann hafði til sölu, eins og honum þóknadist, verður eigi hjá því komizt að taka til greina skýrslu hans um verðlagið, en þar af leiðir, að það verður að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda alla hina umstefndu skuld, 94 kr. 34 a., með 5% vöxtum frá 11. júní f. á. til borgunardags. Svo ber stefnda og að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, og þykir hann hæfilega ákveðinn 30 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn stefndi, Magnús bóndi Stefánsson, greiði áfrýjanda, kaupmanni B. H. Bjarnasyni, 94 kr. 34 aur. með 5% vöxtum p. a. frá 11. júní f. á. til borgunardags, og í málskostnað 30 kr., hvortveggja innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa undir aðför að lögum.